Nr. 733 30. júní 2023

# GJALDSKRÁ

**Sjúkratrygginga Íslands fyrir tæknifrjóvgun sem ekki hefur verið samið um.**

1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tæknifrjóvgunar samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð nr. 1239/2018 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

2. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands reiknast út frá eftirfarandi gjaldskrá (heildarverð):

| *Gjaldskrárnr.* | *Heiti læknisverks* | *Krónur* |
|---|---|---|
| 57-061-09 | Glasafrjóvgun (ICSI/IVF), almenn greiðsluþátttaka vegna frjósemisvanda (5% fyrsta meðferð, 65% meðferð tvö til fjögur, sbr. 1. og 2. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 1239/2018) | 480.000 |
| 57-060-09 | Eggheimta fyrir konur með yfirvofandi ófrjósemisvanda, geymslugjald greitt árlega | 384.000 |
| 57-060-12 | Eggheimta ásamt glasafrjóvgun fyrir konur með yfirvofandi ófrjósemisvanda, fósturvísir frystur | 480.000 |
| 57-060-10 | Glasafrjóvgun (ICSI/IVF), fyrsta meðferð eftir lyfja- eða geislameðferð, beinmergsflutning | 480.000 |
| 57-062-02 | Ástunga á eista (PESA/TESA) | 85.000 |
| 57-062-03 | Frysting sáðfruma | 25.000 |
| 57-062-04 | Geymslugjald á ári á frystum eggjum/sáðfrumum/fósturvísum | 25.000 |
| 57-062-10 | Afþíðing og frjóvgun eggja | 336.000 |
| 57-062-12 | Uppsetning á frystum fósturvísi | 202.000 |

Ef verð þjónustunnar er lægra en gjaldskrá þessi kveður á um skal endurgreiðslan miðuð við verð þjónustunnar.

Ef ekki er unnt að ljúka meðferð, sem hafin er, greiða Sjúkratryggingar Íslands 20% af heildarverði meðferðarinnar, sbr. ofangreinda gjaldskrá.

Innifalið í meðferð skv. ofangreindum gjaldskrárliðum teljast eftir því sem við á skoðanir og viðtöl sérfræðinga, mælingar á β-HCG og nauðsynleg lyf vegna meðferðarinnar, þó ekki örvunarlyf eggjastokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og reglugerð nr. 1239/2018, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og er gildistími sá sami og kveðið er á um í reglugerð nr. 1239/2018.

*Sjúkratryggingum Íslands, 30. júní 2023.*

F.h. forstjóra,

**Ingibjörg Kr. Þorsteinsdóttir.**

*Júlíana Hansdóttir Aspelund.*